

Aðalfundur MNÍ 2010 á Grand hóteli 10. maí kl. 20.

Fundastjóri og fundamenn

Öll stjórnin var endurnýjuð nema gjaldkerinn sem var með 1 árs reynslu. Funduðum að jafnaði 1/ mánuði á kaffihúsum eða heimsóttum vinnustaði hvors annars nema des. og jún-júlí. Flestar fundagerðir má finna á heimasíðunni.

Fimm nýir félagar bættust við á árinu. Nokkrir féllu út af félagsskránni.

Undirbúningur fyrir Matvæladað 2009 tók tíma og var fundað reglulega með framkvæmdanefndinni. Þeir fengu smáhjálp í samb. við að ná til fjölmiðla. Dagurinn var glæsilegur og óvenjulegur að því leyti að efni dagsins „Matvælaframleiðsla og gjaldeyrissköpun“ var vegna aðstæðna í landinu og voru fengir fyrirlesara úr röðum hagfræðinga og viðskiptafræðinga að þessu sinni. Erlendi fyrirlesarinn sem við fengum ókeypis fjallaði um breytta kauphegðun í krísutímum. Dagurinn vakti upp margar hugmyndir „af hverju framleiðum við ekki sjálf barnamat í krukum! sem Laufey Steingrímisd. benti á í sínu erindi. Blaðið var glæsilegt og Fjöreggnefndin vann vel og var fjöreggið veitt samtökunum **Beint frá býli**. Má nefna að tilnefndir til fjöreggsins voru með glæsilega bása fyrir framan fyrirlestrasalinn. Hafi allar nefndir sem stóðu að matvæladeginum bestu þakkir fyrir.

Tveir merkir atburðir voru í sept. Fyrir okkar félagsmenn

Matvælahópurinn kom á samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var undirritaður samningur til 2ja ára. Segir á heimasíðu EHI: Með samningi þessum eflist framboð Endurmenntunar enn frekar þar sem sú fagþekking sem MNÍ hefur fram að færa getur einnig nýst öðrum samstarfsaðilum. Gerð var skoðunarkönnun hjá félagsmönnum um hvað námskeiðaval væri óskað. Tvö námskeið voru í vor en í fyrra námskeiðinu voru okkar félagsmenn(Jónína Stefánsdóttir og Ólafur Reykdal) sem stóðu fyrir kennslunni. Námskeiðið fjallaði um merkinga matvæla og ÍSGEM gagnagrunninn. Á áætlun eru áhugaverð námskeið í haust.

Rannsóknastofan **Sýni** stofnaði Matvælasólann í samstarfi við Þekkingarmiðstöðina og Verkís. Og hefur verið vel sótt á námskeið hjá þeim. Má nefna „stofnun matvæla fyrirtækja“ sem var vel sótt. Þau bjóða fyrirtækjum að sníða námskeið eftir þeirra þörfum.

Matvæladagur 2010 verður tengdur næringu og heilsu en stjórn lagði til að fjallað væri um tengsl mataræðis og heilsu með samvinnun markaðsafla og fjölmiðla. Svára spurninginni „eru fæðubótaefni bót eða brella“. Almenn skynsemi í mataræði og vísindalegar aðferðir til að mæla áhrif fæðunnar. Vel gekk að manna allar nefndir. Fjöreggsnefndin er sú sama og í fyrra.

Í haust er áætlað að taka upp samvinnu við Heilsuþlað Fréttablaðsins og vera með reglulegan dálk „spurt og svarað“ um ýmsar mítur um matvæli og heilsu. Takmarkið er að yfirgnæfa heilsugúrúa með skjótum viðbrögðum. Hér er óskað eftir hjálp félagsmanna.

Samtök iðnaðarins boðaði til fund ar þar sem kynnt var verkefni Nordic NetworkNTP- healthy choices

Þar sem fjallað var um hollar máltíðir fyrir börn og ungt fólk. Nýskopun og vörubrúun og þjálfun starfsfólks í mótuneytum. Við heyrum kannski um þennan fund frá Ragnheiði undir „önnur mál“.

Heimasíðan var opnuð ný og endurbætt á Matvæladaginn og vefsíðustjórinn þakkir fyrir.

Atvinnumál MNÍ félaga hafa verið með ágætum en við þurfum að skapa meiri þörf fyrir okkur.

Það hefur verið auglýst eftir tveimur gæðastjórum í fyrirtæki og í öðru tilvikinu var hringt í mní símann og óskað eftir hjálp.

Norræn samvinna er margvísleg meðal okkar félagsmanna og má nefna að næringarrekstrarfræðingar sjá um norræna ráðstefnu 11-12. Júní

Með nýju Matvælalöggjöfinni er settar skyldur á matvælafyrirtækin að mennta sína starfsmenn og þar er markaður fyrir okkur. Vil stjórnin að sent sé yfirlýsing frá MNÍ til stjórnvalda um að fyrirtækin séu skyldug til veita starfsmönnum í matvælafyrirtækjum samkvæmt nýju matvælalöggjöfinni.

Fræðslunefnd sá um tvær skoðunarferðir Í nýju húsakynni Matis og „nýbyggingu“ Ölgerðarinnar. Vorferð verður farin 26. maí eftir vinnu í Kjós til að skoða „ Beint frá býli“ og vonust við til að sem flestir geti mætt. Farið verður á eigin bílum. Og hin árlega gróðursetningarferð í okkar reit í Heiðmörkinni í byrjun júní.

Starfsáætlun næsta ár

Undirbúningur fyrir 30 ára afmæli MNÍ 2011

Unnið með nefndum fyrir Matvæladaginn.

Menntunarmál og atvinnumál

Spurt og svarað dálkur í Fréttablaðið.

Vísindaferðir m.a. Matvælastofnun á Selfossi.